

Nr.: VKL-301	Menntaskólinn við Sund	
Útgáfa: 03		
Dags.: 04.11.2025		
Höfundur: Gæðaráð		
Ábyrgðaraðili: Gæðastjóri		
Samþykkt: Gæðaráð	Námsmat	
Síða 1 af 3		

1. Tilgangur

Tilgangur með verklagsreglunni er að tryggja að allt námsmat og einkunnagjöf sé í samræmi við gildandi reglur Menntaskólans við Sund um framkvæmd námsmats og skráningu einkunna sem og kröfur [Aðalnámskrár](#). Verklagsreglan gildir um námsmat og einkunnagjöf í Menntaskólanum við Sund.

2. Gildissvæði (umfang)

Vinnuferlið gildir fyrir alla kennara og alla áfanga sem kenndir eru á stúdentsbrautum Menntaskólans við Sund.

3. Hugtök

Listi yfir þau hugtök sem notuð eru í þessum kafla er að finna í Rekstrarhandbók í skjalinu **INN-004 Hugtök og skilgreiningar**.

4. Ábyrgð

Framkvæmd námsmats er á ábyrgð kennara. Eftirfylgni er á ábyrgð konrektors.

5. Framkvæmd

Lokaeinkunn: Námsmat skal byggja á fjölbreytilegum matsþáttum þar sem ólíkum aðferðum er beitt til að leggja mat á þekkingu, leikni og hæfni nemenda. Alla matsþætti skal leggja fyrir og þeim skilað í Innu þar sem lokaeinkunn er reiknuð í samræmi við einkunnareglu áfanga.

Matsþættir: Með matsþætti er átt við þátt námsmats sem hefur vægi í lokaeinkunn áfanga. Matsþættir skulu vera 5 að lágmarki og skal þeim dreift jafnt yfir önnina í samræmi við námsáætlun hvers áfanga, miða ber við að við miðannarmat hafi um þriðjungur námsmats farið fram. Raunmæting skal vera einn af þessum matsþáttum og hafa lágmarksvægi 5% og hámarksvægi 10% í öllum bóklegum 5 eininga áföngum.

Raunmæting og ástundun: Raunmæting er sérstakur námsþáttur sem ber að aðgreina frá öðrum þáttum námsmats eins og til dæmis ástundun eða virkni nemenda. Einkunn fyrir raunmætingu er skráð í samræmi við [raunmætingakvarða](#) skólans og er sá kvarði eingöngu ætlaður til að gefa einkunn fyrir skráða viðveru nemenda. Ástundun nemenda í kennslustundum skal metin á efnislegum forsendum með hliðsjón af frammistöðu þeirra í þeim kennslustundum þar sem viðkomandi nemandi er skráður mættur. Mikilvægt er að kennarar eigi samtal við nemendur sína við upphaf kennslutímabils þar sem farið er formlega yfir það til hvers er ætlast af nemendum og með hvaða hætti frammistaða þeirra verði metin yfir önnina.

Langveikir nemendur: Nemendur með langtímavottorð vegna húsasóttar / veikinda (viðmið 10 og 11) fá lokaeinkunn án mætingar / viðveru skráða í Innu. Þá er lokaeinkunn reiknuð án raunmætingareinkunnar.

Nr.: VKL-301	Menntaskólinn við Sund	
Útgáfa: 03		
Dags.: 04.11.2025		
Höfundur: Gæðaráð		
Ábyrgðaraðili: Gæðastjóri		
Samþykkt: Gæðaráð	Námsmat	
Síða 2 af 3		

Jafnræði og inngilding: Stefna skólans er að allir nemendur fái tækifæri til að takast á við námið, þreyta námsmat og njóti réttmæts námsmats sem er í samræmi við námslegar forsendur hvers og eins. Almenn gildir meginreglan um jafnræði milli nemenda hvað námsmat varðar en á sama tíma ber skólanum að koma sérstaklega til móts við þá nemendur sem glíma við persónulegar áskoranir og eru skráðir með viðmið eða langtímavottorð. Sveigjanleiki í námsmati sem byggir á slíkum forsendum telst eðlilegur hluti af skólastarfi og þar með ekki brot gegn jafnræðisreglunni.

Upplýsingagjöf: Miðað er við að kennarar upplýsi nemendur reglulega um stöðuna í námsmati og leiðbeini þeim varðandi það sem betur má fara.

Miðannarmat er formlegur farvegur kennara til að leggja mat á stöðu nemenda sinna og er æskilegt að kennarar noti þann vettvang til að hvetja nemendur til dáða og upplýsa þá um stöðu mála í námsmati áfanga. Komi upp sú staða að nemandi sinni náminu illa eftir að miðannarmat hefur verið birt og kennari telji fullreynt að ná lágmarks árangri með nemandanum ber viðkomandi að upplýsa kennslustjóra við fyrsta tækifæri.

Skráning: Mikilvægt er að endurgjöf fari fram jafnt og þétt. Öll verkefni og skil nemenda skulu liggja fyrir í Innu eins fljótt og við verður komið hverju sinni. Miðað er við að kennari skrái einkunn fyrir matsþátt í Innu eigi síðar en 10 skóladögum eftir að verkefni var skilað. Miðað er við að skráð einkunn liggi fyrir í Innu fyrir um þriðjung námsmats í hverjum áfanga við miðannarmat. Enginn einn matsþáttur má vega meira en 30% af loka-einkunn án þess að fyrir liggi samþykki konrektors. Skili nemandi ekki inn matsþætti ber kennara að skrá einkunnina 0 í Innu. Nánar er fjallað í rekstrarhandbók um [geymslu gagna](#) þegar stærri námsþættir eru annars vegar.

Lykilmatsþættir: Kennara er heimilt, í samráði við stjórnendur, að skilgreina lykilmatsþátt þar sem gerð er krafa um lágmarkseinkunnina 5.00 í tilteknum matsþætti. Takist nemandi ekki að ná þeirri einkunn telst viðkomandi fallinn í áfanganum. Lágmarksvægi lykilmatsþáttar er 15% og verða nemendur að standast slíka námsþætti með fyrrgreindri lágmarkseinkunn. Ákveði kennari að hafa lykilmatsþátt í námsmati áfanga ber viðkomandi að veita þeim nemendum sem ekki ná tilskyldri lágmarkseinkunn annað tækifæri til að ljúka lykilmatsþættinum fyrir annarlök. Lykilmatsþáttur ber að skilgreina sérstaklega. Í námsáætlun ber að skrá með hvaða hætti lykilmatsþátturinn verður metinn og hvaða þekkingar-, leikni- eða hæfniviðmið liggja þar til grundvallar. Lykilmatsþáttur er skýrt afmarkaður hluti af efni áfanga, þar af leiðandi getur til dæmis loka- eða yfirlitspróf úr öllu námsefni áfanga aldrei verið lykilmatsþáttur.

6. Tilvísanir í skjöl/gögn

INN-004 Hugtök og skilgreiningar

7. Skjalavistun/varðveisla

Nr.: VKL-301	Menntaskólinn við Sund	
Útgáfa: 03		
Dags.: 04.11.2025		
Höfundur: Gæðaráð	Námsmat	
Ábyrgðaraðili: Gæðastjóri		
Samþykkt: Gæðaráð		
Síða 3 af 3		

Einkunnir eru skráðar og varðveittar í Innu.